

Ed.

**597. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907.

Hjer er að ræða um kosningu borgarstjóra í Reykjavík. Hann er nú kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn, samkvæmt lögum nr. 86, 1907. En í þessu frumvarpi er svo fyrir mælt, að hann skuli »kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn«; eru honum ætluð sömu laun og áður; 4500 kr. á ári og 1500 kr. í skrifstofufje.

Oss er kunnugt, að ýmsum bæjarbúum er áhugamál, að þessi breyting nái fram að ganga, og tillögur um það hafa verið samþykktar á borgarafundum. En vjer vitum líka að margir bæjarbúar eru þessu andstæðir, *er öldungis óvíst, hvort meiri hluti allra atkvæðisbærra borgara í Reykjavík er nú með eða móti þessu nýmæli.*

Oss er einnig kunnugt, að málið var borið upp á bæjarstjórnarfundi rjett fyrir skömmu, og tillaga í sömu átt og frumvarpið samþykkt þar með 7 atkvæðum af 10, sem voru á fundi. Bæjarfulltrúar eru 15 alls; er því *einnig óvíst að meiri hluti bæjarstjórnar sje breytingunni hlyntur.*

Þá er á það að lita, hvort ælla má, að þessi breyting sje til bótar, eða бага fyrir Reykjavíkurbæ.

Borgarstjórástáðan er mjög vandasöm; er öllum glöggskygnum borgurum bæjarins fullljóst, að jafnan má búast við miklum erfiðleikum á því, að fá vel hæfa menn í þá stöðu, einkanlega vegna þess, að starfið er ekki veitt nema til 6 ára í senn, og fyrir þá sök hæpið, að nokkur reyndur og ráðsettur maður vilji sleppa góðri atvinnu og takast þetta starf á hendur, án minstu vissu um að mega halda því lengur en 6 ár.

Ef bæjarstjórn veitir stöðuna, getur hún leitað fyrir sjer hjá þeim mönnum, sem hún hefir best álit á, og lofað þeim manni, sem hún telur hæfastan, að hann skuli fá starfið ef hann sæki. En eigi allir atkvæðisbærir borgarar að kjósa borgarstjóránn, þá getur hæglega farið svo, að margur góður maður vilji ekki gefa kost á sjer, sem þó kynni að hafa fengist, ef bæjarstjórn hefði boðið honum stöðuna.

Þá er og þess að gæta, að þegar miklar stjórnmaladeilur eru uppi, má telja vist, ef almenningur kýs, að barist verði um borgarstjórákosningu, rjett eins og þingmannakosningu, og getur þá vel farið svo, að besta borgarstjóráefnið nái ekki kosningu.

Í bæjarstjórn er þessi hætta minni, af því að bæjarfulltrúarnir eru ekki kosnir allir í einu, heldur  $\frac{1}{3}$  í senn, annað hvort ár, enda eru þar jafnan þeir menn einir, sem gæta betur gerða sinna og finna hver um sig meir til ábyrgðar á atkvæði sínu, en kjósendafjöldinn ef æsing hleypur í kosningar.

Og loks viljum vjer vekja athygli á því, að það varðar miklu fyrir alla þjóðina, hvernig sjermaalum höfuðstáðarins er stjórnað. Í Reykjavík búa allir yfirembættismenn landsins; þar eru allir helstu skólarnir, en í þá skóla sækir ungt fólk hvaðanæfa af landinu og hefir hjer vetursetu; útgjöld landssjóðs í allar þessar þarfir eru um 400000 kr. á ári. Fari nú fjárhagsmál Reykjavíkur í óreiðu, svo að allar álögur á bæjarbúa verði mjög þungar og mjög kostnaðarsamt að lifa í bænum, þá er augljóst, að það bitnar á allri þjóðinni; þeim mun meir verður þá að auka laun allra starfsmanna þjóðarinnar sem hjer búa, og þeim mun kostnaðarsamara verður skólanám hjer fyrir æskulýðinn.

Af öllum þessum ástæðum verðum vjer að álita, að það sje óráðlegt að gera að svo stöddu þá breytingu á skipun borgarstjóra, sem frv. fer fram á, og sjáum oss ekki annað fært, en leggja til, að frumv. verði felt.

Efri deild Alþingis, 27. ág. 1913.

Eiríkur Briem,  
formaður.

G. Björnsson,  
skritari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.